



55. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 4. september, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Varaformaður bæjarráðs, Hjördís Blöndal, setti fund og stjórnaði honum.
Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá félagsmálaráðuneytinu vegna árs fatlaðra.
3. Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna útreiknings á daggjöldum hjúkrunarheimila.
4. Vika símenntunar 2003.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
Almennt rætt um atvinnumál í héraði.
2. **Erindi frá félagsmálaráðuneytinu vegna árs fatlaðra.**
Í bréfi ráðuneytisins er vakin athygli á því að nú er ár fatlaðra og að á Íslandi er áhersla á "Samfélag fyrir alla". Á ári fatlaðra hvetur ráðuneytið alla opinbera aðila að skoða málaflökka sína og verkefni með hliðsjón af mögulegum þörfum fatlaðra. Ráðuneytið óskar með bréfi eftir upplýsingum um þá atburði eða verkefni sem sveitarfélög munu eða hafa unnið á ári fatlaðra 2003. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.
3. **Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna útreiknings á daggjöldum hjúkrunarheimila.**
Meðfylgjandi er skýrsla um útreikning á daggjöldum 30 manna hjúkrunarheimilis sem unnin er af Finnþoga Björnssyni og Ásgeiri Ingvasyni fyrir stjórn sambandsins. Lagt fram til kynningar.
4. **Vika símenntunar 2003.**
Vika símenntunar á Norðurlandi vestra verður haldinn dagana 7.-13. september 2003. Dagskrá verður á Blönduósi, mánudaginn 8. september nk.
5. **Önnur mál.**
 - a. **Beiðni um afskrift á þinggjöldum.**
Bókað í trúnaðarbók.
 - b. **Brimvörn.**
Undirbúningur er hafin vegna framkvæmda við brimvarnargarð á Skaga og skv. upplýsingum Siglingamálastofnunar er áætlað að framkvæmdir hefjist við brimvarnargarð við Blönduós í næsta mánuði eftir að framkvæmdum lýkur við Víkur við Skaga, Kálfshamarsvík og Skagaströnd.



c. Eftirlitsmaður fasteigna.

Bæjarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

“Með ráðningu skólaliða í Grunnskólann á Blönduósi síðasta skólaár er ljóst að umfang starfs húsvörðar Grunnskólans hefur minnkað. Að höfðu samráði við skólastjóra og húsvörð fer undirrituð þess á leit að staða húsvörðar við Grunnskólann á Blönduósi verði minnkuð niður í 50% starfshlutfall en á móti taki húsvörður að sér stöðu eftirlitsmanns fasteigna hjá Blönduósbæ sem verði 50% starfshlutfall.

Starfssvið eftirlitsmanns sé eftirfarandi:

- *Gagnaskráning*
- *Úttekt á íbúðum í samráði við byggingarfulltrúa*
- *Áætlanagerð*
- *Eftirlit með viðhaldi og viðgerðum*
- *Undirbúningur tilboða og útboðsverka*
- *Önnur verkefni sem sviðstjóri felur honum*

Undirrituð telur að tilfærsla þessi komi til móts við þá stefnu bæjarstjórnar að sýna aðhald í rekstri án þess að þjónusta skerðist.” Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum.

Ágúst Þór Bragason situr hjá við afgreiðslu málsins og vekur athygli á því að hann telji að auglýsa beri ný störf hjá sveitarfélaginu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Hjördís Blöndal (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)